


# FÍFUHVAMMSVEGUR - 3 GATNAMÓT

ENDURBÆTUR GATNAMÓTA & ENDURNÝJUN UMFERÐARLJÓSA

## Umsókn um framkvæmdaleyfi



**Yfirlitsmynd 1:10.000**
Afmörkun framkvæmdasvæðis:

26. mars 2024

Samkvæmt meðfylgjandi bréfi:

Með vísan í 5. mgr. 13. gr. og 3 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 óskar framkvæmdadeild eftir framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun þriggja gatnamóta á Fífuhvammsvegi við Dalveg og beggja vegna við Reykjanesbraut. Skipta þarf út eldri umferðarljósabúnað fyrir nýrri ljósastýrðum. Hægri beygju framhjáhlaup við Fífuhvammsveg Dalveg er aflagt og miðeyjur breytast. Framkvæmdirnar fela í sér upprif á núverandi yfirborði þar sem breytingar verða, alla jarðvinnu og allan yfirborðsfrágang. Framkvæmdasvæðið mun ná frá gatnamótum Fífuhvammsvegar og Dalvegar til og með eystri ramp gatnamóta Fífuhvammsvegar og Reykjanesbrautar. Framkvæmdir eru taldar auka öryggi og umferðarflæði um svæðin.

Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum sbr. 3. lið 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi:

Um er að ræða óveruleg frávik við breytingar á gatnamótum án þess að gerðar séu breytingar á akstursefnum. Við framkvæmdirnar skerðast hagsmunir nágranna í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn og því telur framkvæmdadeild ekki ástæðu fyrir grenndarkynningu sbr. 44. gr. skipulagslaga. Þrátt fyrir þetta hefur framkvæmdin verið kynnt forsvarsmönnum Smáralindar við endurnýjun á núverandi mælablaði. Framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika aðalskipulags Kópavogs 2019-2040.

VSÓ RÁÐGJÖF

Unnið í mars 2023 til mars 2024 fyrir Kópavogsbæ. Forhönnun: OG
kortagrunnur úr landupplýsingakerfi Kópavogs, ISN93 1:1000 á A3

Kópavogsbær

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026